

HELSTU NIÐURSTÖÐUR STARFSHÓPS UM FJÁRMÁL SVEITARFÉLAGA OG ÁBENDINGAR VARÐANDI GAGNAÖFLUN

28/8/2020

Inngangur

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi þann 28. apríl 2020 að beina því til samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga að setja á fót greiningarhóp til að vinna að tvíþættu verkefni. Annars vegar að safna upplýsingum um fjárhagsáætlanir og fjárhagsstöðu einstakra sveitarfélaga fyrir yfirstandandi ár og þróun þeirra og horfur og hins vegar að safna upplýsingum um einstaka þætti sem ljóst þykir að muni hafa mikil áhrif á afkomu sveitarfélaganna á komandi mánuðum og misserum.

Tilfnið eru þær aðstæður sem myndast hafa í kjölfar Covid-19 faraldursins en ljóst er að áhrif hans verða mikil á efnahagslífið allt og þar með talið fjármál ríkis og sveitarfélaga.

Því var beint til starfshópsins að setja upplýsingarnar fram í líkani sem nýst gæti við að meta ástand og horfur í fjármálum hins opinbera með heildstæðum hætti.

Í starfshópinn voru skipuð;

Dan Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, fulltrúi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis

Gunnar Haraldsson, án tilnefningar, formaður

Kristinn Bjarnason, fulltrúi fjármálaráðuneytis

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Pétur Berg Matthíasson, fulltrúi forsætisráðuneytis

Að auki unnu Eiríkur Benónýsson, Garðar Jónsson og Jóhannes Á. Jóhannesson náið með hópnum.

Hópurinn hélt sex fundi og fundaði formaður auk þess með öðrum aðilum er tengjast fjármálum sveitarfélaga.

Vinnulag

Gögnum um fjármál sveitarfélaga var safnað úr ársreikningum sveitarfélaga (A-hluta) en auk þess var leitað upplýsinga frá öðrum aðilum, s.s. ríkisskattstjóra um launagreiðslur síðustu mánaða, Hagstofu Íslands og Vinnumálastofnunar. Þá voru gjöld úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga áætluð út frá nýjustu upplýsingum.

Þá var öllum sveitarfélögum send beiðni um fjármálaupplýsingar úr bókhaldi þeirra fyrir síðustu mánuði og óskað eftir frekari upplýsingum um breytingar þær sem sveitarfélögin gera ráð fyrir að muni eiga sér stað hvað varðar frávík frá birtum fjárhagsáætlunum á árinu 2020.

Öllum þessum upplýsingum var safnað saman í gagnagrunn og leitast við að nýta þær til að fá sem gleggsta mynd af stöðunni jafnt heildstætt sem og niður á einstök sveitarfélög og landshluta.

Helstu niðurstöður

Í vinnu starfshópsins var sérstaklega litið á eftirfarandi breytingar frá fjárhagsáætlunum fyrir árið 2020:

- Áætlaðar breytingar á heildartekjum
- Áætlaðar breytingar á veltufé frá rekstri og skuldahlutfalli
- Áætlaðar breytingar á útsvarstekjum
- Áætlaðar breytingar þjónustutekjum
- Áætlaðar hreinar viðbótarfjárfestingar

Byggt var á fyrrgreindum upplýsingum sem fengust frá einstaka sveitarfélögum. Svörun við gagnabeidninni var mjög góð. Alls fengust umbednar upplýsingar frá 61 sveitarfélagi. Í þeim fáu tilvikum þar sem ekki bærust gögn er gert ráð fyrir að um engin veruleg frávik sé að ræða varðandi fjármál viðkomandi sveitarfélags vegna Covid-19.

Rétt er að taka fram að niðurstöður starfshópsins geta að einhverju leyti verið ólíkar útreikningum einstakra sveitarfélaga þar sem gagnaöflunin og forsendur eru mögulega aðrar en sveitarfélögin sjálf styðjast við. Á þetta einkum við um þróun útsvars þar sem tekið er mið af upplýsingum um launagreiðslur frá Ríkisskattstjóra, eins og nánar er lýst í kaflanum „áhrif á útsvarstekjur“. Sú nálgun sem hér hefur verið valin er talin gefa glögga mynd af horfunum og gefur kost á samanburði milli sveitarfélaga.

Ljóst er að Covid-19 faraldurinn hefur haft og mun hafa töluverð áhrif á fjármál sveitarfélaga en áhrifin eru mjög ólík eftir sveitarfélögum og landshlutum. Almennt má segja að áhrif Covid-19 faraldursins séu hlutfallslega mest þar sem umfang ferðaþjónustu er hlutfallslega stærst og þar sem ætla má að útgjöld vegna félagslegrar þjónustu og fjárhagsaðstoðar vegur þyngst. Mörgum sveitarfélögum er þröngur stakkur sniðinn hvað varðar viðbrögð við ástandinu, sérstaklega í ljósi þess hve reyna mun á framlög þeirra vegna lögbundinna verkefna, ekki síst í velferðar- og skólamálum.

Verður nú gerð stuttlega grein fyrir hverjum þætti fyrir sig, en nánari upplýsingar má finna í töflum í viðauka I.

Áhrif á heildartekjur

Ætla má að núverandi ástand leiði til verulegs samdráttar í tekjum flestra sveitarfélaga frá því sem ráð var fyrir gert í áætlunum þeirra fyrir yfirstandandi ár. Á sama tíma gera mörg sveitarfélög ráð fyrir að aukið verði við fjárfestingar miðað við það sem fyrir hafði verið gert ráð fyrir í fjárhagsáætlunum þeirra.

Sé litið til landsins alls má ætla að frávik frá fjárhagsáætlunum verði líkt og sjá má í eftirfarandi töflu:

Tafla 1 Frávik frá fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna og áætluð fjármögnun

	Breytingar			Kr./íbúa
Rekstrarniðurstaða:	-26.612	millj.kr.	Lakari afkoma	-73.083
Fjárfestingar:	6.592	millj.kr.	Auknar fjárfestingar	18.104
Alls:	-33.204	millj.kr.		-91.187

Áætluð fjármögnun

Lántökur:	22.744	millj.kr.	62.460
Handbært fé:	-10.461	millj.kr.	-28.727

Þannig má ætla að samanlögð rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna allra verði verri um sem nemur 26,6 milljörðum en frá því sem ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlunum. Gert er ráð fyrir auknum fjárfestingum uppá rúmlega 6,5 milljarða króna. Samanlagt eru því áhrifin rúmlega 33 milljarðar króna eða rúmlega 91 þúsund króna á hvern íbúa.

Til að setja þessar tölur í samhengi má geta þess að heildarútgjöld sveitarfélaganna árið 2019 voru rúmlega 390 milljarðar króna. Þau áhrif sem hér hafa verið talin eru því frávik frá áætlunum sem nema um 8,5% af heildarútgjöldum sveitarfélaga í fyrra eða um 1,1% af vergri landsframleiðslu ársins 2019. Hér er því um verulegar upphæðir að ræða í þjóðhagslegu tilliti.

Sé litið til nýrra áætlana sveitarfélaganna varðandi lántökur má áætla að þau muni fjármagna aukinn halla annars vegar með auknum lántökum uppá tæpa 23 milljarða annars vegar og hins vegar með því að ganga á handbært fé uppá rúma 10 milljarða króna.


Í meðfylgjandi töflu má sjá þessi heildaráhrif eru á hvern íbúa skipt eftir stærðarflokkum sveitarfélaganna.

Tafla 2 Heildaráhrif á hvern íbúa eftir stærð sveitarfélaga

	Íbúafjöldi	Rekstrarniðurstaða samkvæmt fjárhagsáætlun 2020		Áætluð rekstrarbreyting alls		Rekstrarniðurstaða 2020 áætluð nú		Viðbótarfjárfestingar	
		Í millj.kr.	Krónur á hvern íbúa	Í millj.kr.	Krónur á hvern íbúa	Í millj.kr.	Krónur á hvern íbúa	Í millj.kr.	Krónur á hvern íbúa
Reykjavíkurborg	131.136	2.530	19.295	-11.758	-89.659	-9.227	-70.364	4.444	33.888
Sveitarfélög með 10.000 íbúa og yfir	145.428	883	6.073	-9.034	-62.118	-8.150	-56.045	1.258	8.647
Sveitarfélög með 1.000 - 9.999 íbúa	70.840	2.538	35.828	-4.596	-64.880	-2.058	-29.052	822	11.601
Sveitarfélög með 300 - 999 íbúa	14.458	719	49.729	-1.127	-77.968	-408	-28.239	99	6.847
Sveitarfélög með færri en 300 íbúa	2.272	64	28.284	-98	-42.934	-33	-14.650	-30	-13.204
Alls	364.134	6.735	18.495	-26.612	-73.083	-19.877	-54.588	6.592	18.104

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig áætlað er að frávik frá eldri fjárhagsáætlunum skiptast eftir stærð sveitarfélaga.

Mynd 1 Áætluð hlutfallsleg skipting heildarrekstrar- og fjárfestingabreytinga sveitarfélaga eftir stærðarflokkum



Í einungis 12 sveitarfélögum er reiknað með að tekjur á íbúa verði hærri en áætlanir sveitarfélaga gerðu ráð fyrir. Í mörgum sveitarfélögum má gera ráð fyrir að samdráttur í heildartekjum á íbúa verði verulegur.

Þannig má ætla að samdrátturinn verði meiri en 100 þúsund krónur á

íbúa í Rangárþingi eystra (1.931 íbúi), Skagabyggð (90 íbúar), Reykhólahreppi (262 íbúar), Grundarfjarðarbæ (876 íbúar), Þingeyjarsveit (862 íbúar), Bolungarvíkurkaupstað (955 íbúar) og Mýrdalshreppi (719 íbúar).

Hér skiptir miklu hvort samdráttur í tekjum verður langvarandi eða ekki og hver fjárhagsleg staða sveitarfélagsins var fyrir núverandi ástand.

Áætlaðar breytingar á veltufé frá rekstri og skuldahlutfalli

Í mörgum sveitarfélögum er reiknað með viðsnúningi í veltufé frá rekstri miðað við upphaflegar fjárhagsáætlanir þeirra. Á sama tíma er skuldastaða þeirra ólík þannig að þau eru misjafnlega vel í stakk búin til að takast á við slíkan samdrátt.

Tafla 3 Áætlaðar breytingar í veltufé frá rekstri frá upphaflegum áætlunum eftir stærð sveitarfélaga

	Íbúafjöldi	Samkvæmt upphaflegum fjárhagsáætl. 2020		Nú áætlað	
		Veltufé frá rekstri (m.kr.)	Veltufé í hlíf. við tekjur	Veltufé frá rekstri (m.kr.)	Veltufé í hlíf. við tekjur
Reykjavíkurborg	131.136	7.699	5,7%	-63	-0,1%
Sveitarfélög með 10.000 íbúa og yfir	145.428	12.671	9,2%	3.638	2,8%
Sveitarfélög með 1.000 - 9.999 íbúa	70.840	8.340	10,7%	3.744	5,0%
Sveitarfélög með 300 - 999 íbúa	14.458	1.524	8,4%	397	2,3%
Sveitarfélög með færri en 300 íbúa	2.272	173	6,5%	75	2,9%
Alls	364.134	30.407	8,2%	7.791	2,2%

Sé litið til veltufjár frá rekstri í hlutfalli við tekjur má ætla að það verði neikvætt hjá alls 20 sveitarfélögum (sjá töflu 1 í Viðauka I).¹ Í töflu 1 hefur verið reynt að auðvelda lestur hennar

¹ Veltufé frá rekstri er það fé sem eftir stendur þegar búið er að greiða reikninga sveitarfélagsins og vexti af lánnum. Veltufé fer m.a. í afborganir lána og fjárfestingar. Umfang veltufjár frá rekstri er ágætis mælikvarði á fjárhagslega burði sveitarfélaga til að standa undir skuldbindingum þeirra og takast á við sveiflur í rekstri.

með því að nota ólíka liti til að flokka sveitarfélög eftir ólíkri stöðu. Hvar draga eigi mörkin fyrir hvern lit er ætíð vafa háð, en hér hefur verið valin sú leið að lita með rauðu þar sem hlutfall veltufjár er neikvætt, með gulu þar sem hlutfallið er milli núll og 2,5% og grænu sé það yfir 2,5%. Hér er miðað við 2,5% þar sem færa má rök fyrir að það sé ásættanleg staða miðað við núverandi aðstæður.

Sé litið til þessa mælikvarða, er gert ráð fyrir að staða veltufjár frá rekstri verði lökust í Rangárþingi eystra (1.961 íbúi), Fljótdalshreppur (86 íbúar) og Skagabyggð (90 íbúar), en í þessum sveitarfélögum má ætla að veltufé frá rekstri verði lakara en -10% sem hlutfall af tekjum.

Sé litið á skuldahlutfall, miðað við þær forsendur sem hér hafa verið dregnar saman, þá er það mjög mismunandi eftir sveitarfélögum. Hjá sveitarfélögum með minna veltufé en ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlun og verri skuldastöðu mun skuldahlutfallið verða enn óhagstæðara en ráð hafði verið fyrir gert. Hér hefur skuldahlutfallið verið tekið saman miðað við hreinar skuldir. Þannig gæti stefnt í að skuldahlutfall Reykjanesbæjar (19.421 íbúi) verði nálægt 160% og er þar miðað við hreinar skuldir.

Áhrif á útsvarstekjur

Yfirstandandi efnahagsástand mun hafa áhrif á útsvarstekjur sveitarfélaganna. Þar sem íslensk sveitarfélög eru mjög ólík að stærð og mannfjölda liggur beinast við að bera saman áætlaða breytingu í útsvarstekjum á mann árið 2020 frá því sem ráð var fyrir gert í fjárhagsáætlunum.

Sé litið heilt yfir öll sveitarfélög á landinu, þá höfðu þau gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlunum sínum að útsvarstekjur myndu nema rúmlega 223 milljörðum árið 2020. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir má ætla að útsvarstekjurnar verði nokkuð minni eða um 212 milljarðar króna.


Í meðfylgjandi töflu má sjá hverjar eru áætlaðar breytingar á útsvarstekjum þegar sveitarfélögin hafa verið flokkuð eftir íbúafjölda þeirra.

Tafla 4 Áætluð breyting útsvars eftir stærðarflokkum sveitarfélaga

	Íbúafjöldi	Áætluð breyting útsvars	
		Í millj.kr.	Krónur á hvern íbúa
Reykjavíkurborg	131.136	-5.012	-38.218
Sveitarfélög með 10.000 íbúa og yfir	145.428	-4.612	-31.715
Sveitarfélög með 1.000 - 9.999 íbúa	70.840	-1.057	-14.918
Sveitarfélög með 300 - 999 íbúa	14.458	-479	-33.139
Sveitarfélög með færri en 300 íbúa	2.272	13	5.702
Alls	364.134	-11.147	-30.612

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig áætlað er að breytingar í útsvari skiptist eftir stærðarflokkum sveitarfélaganna.

Mynd 2 Áætluð hlutfallsleg skipting útsvarsbreytinga eftir stærðarflokkum sveitarfélaga.



Áhrif á útsvarstekjur eru mjög mismunandi. Þannig má ætla að í 22 sveitarfélögum verði útsvarstekjur á íbúa hærri en ráð var fyrir gert í áætlunum. Í öðrum sveitarfélögum má ætla að neikvæð áhrif á útsvarstekjurnar verði veruleg (sjá töflu 3 í Viðauka I). Rangárþing eystra (1.961 íbúi) sker sig nokkuð úr en ætla má að útsvarstekjur þar verði rúmlega 163 þúsund krónum

lægri á íbúa en gert hafði verið ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Í þessu sambandi er þó mikilvægt að benda á að í fjárhagsáætlun Rangárþings eystra fyrir árið 2020 var gert ráð fyrir að útsvarstekjur yrðu 27,5% hærri en þær voru árið 2019. Þá má gera ráð fyrir verulegum samdrætti í Mýrdalshreppi (719 íbúar), Grundarfjarðarbæ (876 íbúar), Skagabyggð (90 íbúar), Bolungarvíkurkaupstað (955 íbúar), Þingeyjarsveit (862 íbúar), Skútustaðahreppi (507 íbúar), Reykhólahreppi (262 íbúar) og víðar. Eins og sjá má af þessari upptalningu og töflu 3 í Viðauka I má búast við verulegum samdrætti í útsvarstekjum víða um landið.

Við mat á útsvarstekjum ársins er byggt á staðgreiðsluskrá RSK um mánaðarleg heildarlaun í hverju sveitarfélagi árið 2020 samanborið við fyrra ár. Fyrir janúar til júní árið 2020 er stuðst við rauntölur. Fyrir júlí til og með september 2020 er gert ráð fyrir sömu breytingu heildarlauna og voru í júní. Undantekning er þó gerð í þremur sveitarfélögum, þ.e. Skútustaðahreppi (507 íbúar), Mýrdalshreppi (719 íbúar) og Skaftárhreppi (627 íbúar) sem sýna iðulega miklar sveiflur yfir sumartímamann vegna áhrifa af ferðamannaíðnaðinum. Fyrir júlí til og með september er reiknað með sömu heildarlaunum þessa mánuði og voru í júní. Í þessum sveitarfélögum hafa sumartekjur vegið þungt í heildarlaunum og því mikilvægt að taka tillit til þess við mat á þróun launa sumarsins.

Mikil óvissa ríkir um þróun á vinnumarkaði þegar kemur fram á haustið. Það má ætla að einstaklingum á atvinnuleysisskrá fjölgi talsvert þegar sumarfríum Íslendinga lýkur og uppsagnarfrestir renna sitt skeið, en tekjulækkun þeirra sem fara á atvinnuleysisbætur kemur fram í lækkun útsvars. Fyrir tímabilið október til desember er því ekki reiknað með neinni aukningu heildarlauna miðað við fyrra ár þrátt fyrir aukningu heildarlauna á fyrri hluta ársins hjá mörgum sveitarfélögum. Í sveitarfélögum sem mælst hafa með lægri heildarlaun en í fyrra er áfram reiknað með slíkri þróun út árið.

Auk framangreindra þátta var einnig tekið tillit til vanskila í innheimtri staðgreiðslu. Miðað við fyrirbyggjandi gögn eru vanskil á þessu ári á landsvísu, talsvert meiri en á sama tíma í fyrra. Í þessu sambandi ber að benda á að ríkissjóður tryggir sveitarfélögum 100% skil í staðgreiðslu, samkvæmt gildandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga. Þannig tryggir ríkið sveitarfélögum full skil þrátt fyrir vanskil en það kemur hins vegar ekki til uppgjörs fyrr en við endanlega álagningu útsvars sem liggur fyrir á næsta ári fyrir árið 2020. Því munu hin auknu vanskil nú hafa áhrif á bókfærðar tekjur sveitarfélaga á yfirstandandi ári og hefur verið tekið tillit til þess hér.

Áhrif á þjónustutekjur

Samdráttur í efnahaglífinu leiðir í mörgum tilvikum til samdráttar í þjónustutekjum sveitarfélaganna.² Sé litið til allra sveitarfélaga landsins þá var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlunum þeirra að þjónustutekjur myndu nema rúmlega 53 milljörðum á yfirstandandi ári. Samkvæmt þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir má gera ráð fyrir að þær verði tölurvert lægri eða tæplega 48 milljarðar króna.


Nokkuð er misjafnt hve áætluð áhrif samdráttar í þjónustutekjum í hinum ýmsu sveitarfélögum. Í töflunni hér að neðan má sjá áætlaða breytingu á íbúa þegar búið er að flokka þau eftir íbúafjölda.

Tafla 5 Áætluð breyting þjónustutekna eftir stærð sveitarfélaga

	Íbúafjöldi	Áætluð breyting þjónustutekna	
		Í millj.kr.	Krónur á hvern íbúa
Reykjavíkurborg	131.136	-4.316	-32.912
Sveitarfélög með 10.000 íbúa og yfir	145.428	-578	-3.973
Sveitarfélög með 1.000 - 9.999 íbúa	70.840	-305	-4.306
Sveitarfélög með 300 - 999 íbúa	14.458	-82	-5.685
Sveitarfélög með færri en 300 íbúa	2.272	0	0
Alls	364.134	-5.281	-14.503

Á myndinn hér fyrir neðan sést hvernig þessi breyting þjónustutekna skiptir milli ólíkra stærðarflokka sveitarfélaganna.

Mynd 3 Áætluð hlutfallsleg skipting breytinga í þjónustutekjum eftir stærðarflokkum sveitarfélaga.



Þessi áhrif eru mjög ólík milli ólíkra sveitarfélaga. Þannig gera þrjú sveitarfélög ráð fyrir jákvæðum breytingum í þjónustutekjum miðað við áætlanir fyrir árið 2020 (sjá töflu 4 í Viðauka I). Mörg sveitarfélög gera ráð fyrir óbreyttum þjónustutekjum en ætla má að samdráttur verði í 38 þeirra. Í flestum tilfellum má ætla að samdrátturinn verði minni en 10 þúsund krónur á íbúa en í

Reykjavíkurborg (131.136 íbúar), Sveitarfélaginu Skagafirði (4.034 íbúar), Þingeyjarsveit (862 íbúar), Blönduósbae (938 íbúar), Bolungarvíkurkaupstað (955 íbúar) og Dalabyggð (639 íbúar), má ætla að samdrátturinn liggja á bilinu 12 til 32 þúsund krónur á íbúa. Í Reykjavíkurborg má ætla að samdrátturinn verði öllu meiri, eða rúmlega 4,3 milljarðar króna sem nemur tæplega 33

² Sala byggingarréttar er stærsti liðurinn þjónustutekjum sveitarfélaga, en þar undir eru einnig innheimta leikskóla- og fæðisgjalda sem og ýmis konar þjónustugjöld og aðgangseyrir t.d. vegna íþróttar- og menningarstarfsemi.

þúsund krónum á hvern íbúa. Þar munar mestu um samdrátt í sölu á byggingarétti, um 3,97 milljarðar króna, sem færðar hafa verið meðal þjónustutekna.

Áhrif á rekstrarútgjöld

Viðbrögð sveitarfélaganna við Covid-19 faraldrinum hafa kallað á talsverð viðbótarútgjöld hjá sveitarfélögunum. Útgjöld sveitarfélaganna hafa aukist vegna aukinna sóthreinsunar og ræstinga á stofnunum og vegna aukins álags í viðkvæmri þjónustu á sviði velferðarmála, svo eitthvað sé nefnt. Þá hafa útgjöld vegna fjárhagsaðstoðar farið vaxandi og sveitarfélögin hafa ráðist í atvinnuurræði til að koma til móts við aukið atvinnuleysi.

Þannig er gert ráð fyrir að launakostnaður sveitarfélaga verði 3,5 ma.kr. meiri en upphaflegar fjárhagsáætlanir gerðu ráð fyrir. Auk þess er reiknað með að annar kostnaður verði 2,9 ma.kr. meiri. Samtals er hér um 6,4 ma.kr. aukningu að ræða miðað við það sem upphaflega hafði verið áætlað.

Áætlaðar viðbótarfjárfestingar

Eins og fyrr segir hafa mörg sveitarfélaganna boðað viðbótarfjárfestingar við það sem ráð var fyrir gert í áætlunum til að mæta tímabundnum neikvæðum afleiðingum núverandi ástands. Alls sjö sveitarfélög gera þó ráð fyrir samdrætti í fjárfestingum og geta legið ýmsar ástæður að baki því aðrar en efnahagsástandið.

Tafla 6 Áætlaðar breytingar í fjárfestingum eftir stærð sveitarfélaga

	Íbúafjöldi	Viðbótarfjárfestingar	
		Í millj.kr.	Krónur á hvern íbúa
Reykjavíkurborg	131.136	4.444	33.888
Sveitarfélög með 10.000 íbúa og yfir	145.428	1.258	8.647
Sveitarfélög með 1.000 - 9.999 íbúa	70.840	822	11.601
Sveitarfélög með 300 - 999 íbúa	14.458	99	6.847
Sveitarfélög með færri en 300 íbúa	2.272	-30	-13.204
Alls	364.134	6.592	18.104

Ólík fjárhagsleg staða sveitarfélaganna og aðrar ástæður geta legið að baki ólíkum fjárfestingaráformum. Alls 27 sveitarfélög gera nú ráð fyrir auknum fjárfestingum miðað við birtar fjárhagsáætlanir á yfirstandandi ári (sjá töflu 5 í Viðauka I).

Sé litið heilt yfir sviðið gera sveitarfélögin nú ráð fyrir að heildarfjárfestingar þeirra á yfirstandandi ári verði uppá tæplega 39 milljarða króna en í fjárhagsáætlunum þeirra hafði verið gert ráð fyrir fjárfestingum uppá rúmlega 32 milljarða. Hér munar um 6,6 milljarða króna. Sé auk þess tekið tillit til minni tekna Reykjavíkurborgar af sölu byggingaréttar nema hreinar fjárfestingar ársins um 43 milljörðum króna, eða 10 milljörðum meira en ráð hafði verið fyrir gert.

Í Kópavogsbæ (37.959 íbúar), Sveitarfélaginu Hornafirði (2.434 íbúar), Mýrdalshreppi (719 íbúar), Grindavíkurbæ (3.512 íbúar) og í Sveitarfélaginu Skagafirði (4.034 íbúar) er gert ráð fyrir að umfang viðbótarfjárfestinga verði á bilinu 10 til 20 þúsund á íbúa. Í Sveitarfélaginu Ölfusi (2.276 íbúar), Rangarþingi eystra (1.961 íbúar), Akureyrarbæ (19.025 íbúar), Akraneskaupstað (7.534 íbúar) og Mosfellsbæ (12.073 íbúar) er búist við milli 20 til 30 þúsund króna viðbótarfjárfestingum mælt á hvern íbúa. Í Fjarðabyggð (5.072 íbúar), Sveitarfélaginu Skagaströnd (473 íbúar), Reykjavíkurborg (141.136 íbúar), Snæfellsbæ (1.674 íbúar), Hvalfjarðarsveit (625 íbúar) og Grundarfjarðabæ (876 íbúar) má ætla að viðbótarfjárfestingar verði á bilinu 30 til 50 þúsund á hvern íbúa en mest verður aukningin hjá Stykkishólmsbæ (1.209 íbúar) og í Skútustaðahreppi (507 íbúar) þar sem ætla má að umfang viðbótarfjárfestinga verði yfir 50 þúsund krónur mælt á hvern íbúa.

Almennar ábendingar varðandi gagnaöflun

Vinna stafhópsins hefur leitt í ljós ýmsa hnökra í upplýsingaöflun varðandi fjármál ríkis og sveitarfélaga almennt.

Aðgengi að áreiðanlegum og tímanlegum upplýsingum um fjármál ríkis og sveitarfélaga er nauðsynlegt til að hægt sé að meta stöðu þeirra og búa til áreiðanlegar áætlanir.

Hér er tæpt á nokkrum atriðum er snerta gagnaöflun varðandi fjármál hins opinbera með sérstakri áherslu á þá veikleika sem gera það að verkum að erfiðara en ella er að notast við rauntíma-, eða því sem næst, gögn um stöðuna.

Endurskoðunarfræslur ársfjórðungstalna

Sveitarfélög skila ársfjórðungslega gögnum um fjárhagsstöðu sína til Hagstofu Íslands í samræmi við reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Þær tölur hafa ekki farið í gegnum hendur endurskoðenda reikninga viðkomandi sveitarfélaga. Upplýsingarnar eru veittar niður á málaflokka eftir svonefndum COFOG-staðli (Classification of the Functions of Government) sem á rætur að rekja til Eurostat. Samkvæmt COFOG eru útgjöld hins opinbera flokkuð eftir helstu félags- og hagfræðilegu viðfangsefnum og þáttum (e. functions). Tegundagreining útgjalda er síðan færð samkvæmt GFS (Government Financial Statistics) staðlinum þar sem áherslan er lögð á hagstjórnarlega nýtingu gagnanna.

Hagstofan nýtir þessi gögn í skýrslur hins opinbera. Aðgengi sveitarfélaga að þessum gögnum er hins vegar takmarkað og aðeins í gegnum þau gögn sem Samband íslenskra sveitarfélaga tekur saman og birtir á vef sínum. Það væri eðlilegt að Hagstofan birti þessi gögn á gagnaveitu sinni og gerði þau aðgengileg til að auka gagnsæi og virka nýtinga þeirra. Talsverð vinna virðist þó ennþá vera eftir til að tryggja áreiðanleika og örugg skil áður en þetta getur orðið að veruleika.

Við þetta bætist að við yfirferð endurskoðenda geta færslur breyst, t.d. milli málaflokka eða tímabila sem aftur gerir fólki óhægt um vik að bera saman niðurstöður ársreikninga sveitarfélaga þegar þeir birtast og þær tölur sem Hagstofan birtir.

Millifærslur ríkis og sveitarfélaga

Eitthvað hefur borið á því að misræmi sé í tölum sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar sem stafar af því hvernig millifærslur eru skráðar með ólíkum hætti. Þannig hefur borið við að í ríkisreikningi séu tölur sem endurspeglar greiðslur sem tilheyra sveitarfélögum en er ekki að finna í reikningum sveitarfélaganna sjálfra.

Dæmi um þetta eru framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Framlögin eru ýmist reiknuð út og greidd beint til viðeigandi sveitarfélags, til byggðasamlags á þjónustusvæðinu eða sveitarfélags sem sinnir þjónustunni á stærra svæði. Framlög sem greidd eru til byggðasamlags koma ekki fram í reikningsskilum sveitarfélaga og framlag sem greitt er til sveitarfélags sem sér um þjónustuna á stærra svæði, kemur einvörðungu fram í reikningsskilum þess sveitarfélags. Þetta þyrfti að skoða nánar og tryggja að samræmis og gagnsæis sé gætt.

Bent er á að fyrir liggja drög að breytingum á 20. grein reglugerðar 1212/2015 sem gerir ráð fyrir því að „Byggðasamlög sveitarfélags skulu í samanteknum reikningsskilum meðhöndluð á sama hátt og fyrirtæki sveitarfélags þó þannig að notast skal við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélagsins í byggðasamlaginu við færslu eigna, skulda, tekna og gjalda í samanteknum reikningsskilum. Ákvæðið á við um hlutfallslega ábyrgð sama hversu mikil hún er“. Verði þessar breytingar staðfestar er gert ráð fyrir að þær taki á þessum vanda, a.m.k. að hluta til.

Aðgengi sveitarfélaga að upplýsingum

Í vinnu starfshópsins kom fram að mikill skortur er á aðgengi sveitarfélaga að nauðsynlegum upplýsingum til greininga og fjárhagsáætlunargerðar. Þannig hafa sveitarfélögin ekki aðgang að skrá Ríkisskattstjóra um launagreiðslur í sveitarfélaginu sínu eða greinargóðum upplýsingum um útsvarið. Mikilvægt er að stuðla að því að sveitarfélögunum verði veittur aðgangur að gagnagátt þar sem upplýsingar um launagreiðslur innan sveitarfélaganna verði gerðar aðgengilegar. Þessar upplýsingar verði sundurliðaðar með eins ítarlegum hætti og unnt er, þó án þess að þær verði persónugreinanlegar. Sundurliðun á atvinnuvegi, póstnúmer, mánuði o.fl. skipta sveitarfélögin verulegu máli við alla greiningu og áætlanagerð inn í framtíðina. Þá eru ítarlegar upplýsingar um útsvarið og sundurliðun þess sömuleiðis afar mikilvægar í þessu sambandi.

Framhald

Vinna starfshópsins er einungis hluti af því mikla starfi sem unnið er að varðandi upplýsingaöflun um fjármál hins opinbera, jafnt ríkis og sveitarfélaga. Þá hefur samstarf og samráð ólíkra aðila sem að málinu komið aukist mjög á síðustu árum. Það er von starfshópsins að sá gagnagrunnur sem hér hefur verið búinn til geti nýst áfram og verði uppfærður með reglulegum hætti, sem og það verklag sem að baki liggur. Regluleg uppfærsla hans mun einnig auka áreiðanleika gagnanna. Slíkt gæti hjálpað öllum þeim sem fylgjast vilja með þróun opinbera fjármála að átta sig á stöðunni á hverjum tíma. Skiptir þar ekki minnstu að sveitarfélögin sjálf hafi aðgang að upplýsingum um fjárhagsstöðu þeirra á hverjum tíma fyrir sig.

Viðauki I

Veltufé í hlutfalli við tekjur og skuldahlutfall

	Samkvæmt upphafli. fhá 2020		Nú áætlað 2020		Samkvæmt upphafli. fhá 2020		Nú áætlað 2020	
	Veltufé frá rekstri (m.kr.)	Veltufé í hlíf. við tekjur	Veltufé frá rekstri (m.kr.)	Veltufé í hlíf. við tekjur	Hreinar skuldir (m.kr.)	Skulda-hlutfall	Hreinar skuldir (m.kr.)	Skulda-hlutfall
0000 Reykjavíkurborg	7.699	5,7%	-63	-0,1%	85.919	63,7%	102.121	81,8%
1000 Kópavogsbær	3.139	9,2%	1.469	4,5%	35.381	104,0%	37.471	115,4%
1100 Seltjarnarnesbær	329	7,6%	142	3,3%	3.685	84,6%	3.895	89,2%
1300 Garðabær	1.461	8,9%	213	1,4%	12.368	75,2%	13.617	86,6%
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	2.281	8,1%	769	2,9%	34.449	122,9%	35.961	134,2%
1604 Mosfellsbær	1.066	8,5%	156	1,3%	11.271	90,2%	12.519	107,0%
1606 Kjósarhreppur	20	7,7%	14	5,5%	-121	-47,3%	-115	-46,0%
2000 Reykjanesbær	2.226	13,3%	666	4,2%	23.761	141,8%	25.321	159,2%
2300 Grindavíkurbær	528	15,8%	293	9,0%	-674	-20,1%	-388	-11,9%
2506 Sveitarfélagið Vogar	90	7,0%	6	0,5%	844	66,3%	920	76,0%
2510 Suðurnesjabær	426	10,2%	70	1,8%	1.899	45,6%	2.255	57,0%
3000 Akraneskaupstaður	989	14,0%	239	3,5%	3.578	50,6%	4.535	67,0%
3506 Skorradalshreppur	-10	-11,1%	-4	-4,2%	-67	-70,9%	-73	-72,7%
3511 Hvalfjarðarsveit	162	16,7%	156	16,1%	-941	-96,5%	-908	-93,7%
3609 Borgarbyggð	447	10,8%	202	5,1%	1.874	45,2%	2.132	53,7%
3709 Grundarfjarðarbær	80	7,6%	-25	-2,6%	1.146	108,7%	1.291	135,6%
3710 Helgafellssveit	7	11,6%	9	14,7%	-50	-84,3%	-52	-84,9%
3711 Stykkishólmsbær	154	11,0%	62	4,6%	1.640	117,6%	1.795	134,8%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	9	5,3%	7	4,1%	-135	-80,1%	-133	-79,8%
3714 Snæfellsbær	156	7,6%	37	1,9%	1.074	52,3%	1.262	63,4%
3811 Dalabyggð	60	7,1%	4	0,6%	324	38,5%	366	46,3%
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	105	8,9%	-30	-2,8%	967	81,7%	1.136	105,6%
4200 Ísafjarðarbær	310	6,6%	6	0,1%	5.039	107,9%	5.344	120,0%
4502 Reykhólahreppur	45	9,4%	8	1,8%	36	7,6%	73	16,6%
4604 Tálknafjarðarhreppur	18	5,6%	-2	-0,7%	143	44,4%	164	53,9%
4607 Vesturbyggð	86	6,5%	-5	-0,4%	1.268	95,3%	1.359	106,4%
4803 Súðavíkurhreppur ¹⁾	0	0,0%	11	100,0%	0	0,0%	-11	-100,0%
4901 Árneshreppur	7	17,7%	10	22,6%	-49	-118,8%	-52	-117,7%
4902 Kaldrananeshreppur	33	24,4%	32	24,1%	-107	-79,7%	-106	-79,6%
4911 Strandabyggð	64	9,8%	39	6,3%	375	57,7%	394	64,0%
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	312	5,9%	-13	-0,3%	5.354	101,1%	5.757	115,1%
5508 Húnaþing vestra	47	3,4%	-51	-3,8%	-158	-11,3%	-56	-4,2%
5604 Blönduósibær	74	6,3%	-12	-1,1%	971	83,2%	1.056	96,3%
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	16	2,8%	2	0,4%	-421	-75,2%	-393	-71,5%
5611 Skagabyggð	0	-0,2%	-12	-14,4%	-64	-68,0%	-52	-63,4%
5612 Húnavatnshreppur	21	4,3%	12	2,4%	57	11,6%	66	13,8%
5706 Akrahreppur	10	5,3%	-3	-1,5%	-142	-73,7%	-129	-71,9%
6000 Akureyrarbær	1.825	8,8%	245	1,2%	16.050	77,1%	18.129	90,5%
6100 Norðurþing	412	11,8%	372	10,6%	3.902	111,7%	3.963	112,7%
6250 Fjallabyggð	387	16,1%	417	17,1%	1.251	52,0%	1.221	50,0%
6400 Dalvíkurbyggð	266	12,5%	188	9,0%	822	38,6%	909	43,6%
6513 Eyjafjarðarsveit	150	12,9%	52	4,7%	-277	-23,9%	-179	-16,4%
6515 Hörgársveit	52	7,2%	14	2,0%	57	8,0%	72	10,2%
6601 Svalbarðstrandarhreppur	35	7,6%	16	3,5%	-128	-28,2%	-109	-24,3%
6602 Grýtubakkahreppur	30	7,0%	13	3,1%	58	13,5%	76	18,2%
6607 Skútustaðahreppur	77	13,8%	23	4,4%	-84	-15,1%	0	0,0%
6611 Tjörneshreppur	8	23,4%	13	33,1%	-84	-235,2%	-89	-218,2%
6612 Þingeyjarsveit	47	3,8%	-64	-5,6%	349	28,4%	460	40,7%
6706 Svalbarðshreppur	10	9,3%	13	12,1%	-47	-43,7%	-50	-45,4%
6709 Langanesbyggð	142	18,6%	107	14,8%	686	90,3%	721	99,3%
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	66	7,6%	8	1,0%	478	54,5%	538	65,1%
7300 Fjarðabyggð	626	9,9%	417	6,8%	7.211	114,4%	7.576	122,6%
7502 Vopnafjarðarhreppur	47	5,6%	16	1,9%	638	76,9%	669	83,5%
7505 Fljótsdalshreppur	10	4,4%	-29	-12,5%	-152	-68,5%	-143	-62,2%
7509 Borgarfjarðarhreppur	19	14,0%	22	16,1%	-132	-100,0%	-135	-100,0%
7617 Djúpvogshreppur	25	3,9%	-15	-2,5%	523	80,8%	563	93,0%
7620 Fljótsdalshérað	532	11,7%	220	5,1%	4.544	99,9%	4.857	112,5%
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	416	15,4%	252	9,7%	598	22,2%	794	30,7%
8000 Vestmannaeyjabær	501	12,1%	566	13,4%	1.025	24,8%	959	22,6%
8200 Sveitarfélagið Árborg	674	6,9%	120	1,3%	11.586	117,9%	12.140	130,0%
8508 Mýrdalshreppur	88	12,4%	6	1,0%	18	2,6%	110	17,3%
8509 Skaftárhreppur	20	3,2%	-37	-6,1%	108	17,1%	158	26,4%
8610 Ásahreppur	-12	-3,7%	-15	-4,6%	-178	-54,7%	-175	-54,3%
8613 Rangárþing eystra	148	7,7%	-279	-18,0%	375	19,6%	850	54,8%
8614 Rangárþing ytra	283	14,9%	187	10,3%	680	35,8%	776	42,8%
8710 Hrunamannahreppur	70	6,7%	44	4,3%	239	23,1%	265	26,2%
8716 Hveragerðisbær	278	9,0%	169	5,6%	3.326	108,4%	3.434	114,3%
8717 Sveitarfélagið Ölfus	328	12,9%	141	5,9%	1.265	49,9%	1.505	62,8%
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	135	14,2%	133	14,0%	-51	-5,4%	-49	-5,1%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	63	8,6%	-11	-1,6%	8	1,1%	74	10,2%
8721 Bláskógabyggð	140	9,3%	54	3,8%	599	39,8%	688	48,2%
8722 Flóahreppur	45	6,2%	-2	-0,3%	-217	-29,9%	-170	-23,7%
Alls	30.407	8,2%	7.791	2,2%	285.544	76,7%	318.749	90,4%

1) Sundurlíðuð fjárhagsáætlun hefur ekki borist.

Áætluð breyting heildartekna árið 2020, miðað við upphaflega fjárhagsáætlun

	Miðað vð upphaflega fjárhagsáætlun 2020		Miðað vð upphaflega fjárhagsáætl. 2020 en útsvar 2019	
	Í m.kr.	Á hvern íbúa	Í m.kr.	Á hvern íbúa
7505 Fljótsdalshreppur	8	98.030	6	68.562
3506 Skorradalshreppur	6	95.761	3	48.853
6611 Tjörneshreppur	5	94.561	1	16.211
4901 Árneshreppur	3	60.504	0	-5.870
4803 Súðavíkurbær	11	54.664	-1	-2.824
6706 Svalbarðshreppur	3	35.681	-1	-5.758
3710 Helgafellssveit	2	33.659	-1	-13.021
7509 Borgarfjarðarhreppur	3	27.112	1	11.777
8000 Vestmannaeyjabær	108	24.821	58	13.363
6250 Fjallabyggð	34	16.929	9	4.350
6100 Norðurþing	24	7.584	-75	-23.938
1100 Seltjarnarnesbær	13	2.850	-42	-8.954
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	-2	-4.839	-1	-1.118
4902 Kaldrananeshreppur	-1	-4.924	0	-1.573
3511 Hvalfjarðarsveit	-6	-9.863	0	683
8610 Ásahreppur	-3	-10.746	-5	-19.120
6515 Hörgársveit	-10	-16.224	-13	-21.381
8722 Flóahreppur	-12	-17.255	-27	-39.923
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	-2	-17.393	-3	-26.114
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	-9	-18.512	-13	-26.292
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	-12	-19.376	-11	-18.433
6400 Dalvíkurbyggð	-42	-22.174	-42	-22.196
2300 Grindavíkurbær	-78	-22.294	-7	-2.133
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	-11	-22.953	-9	-19.259
8716 Hveragerðisbær	-64	-23.601	-11	-4.096
7300 Fjarðabyggð	-122	-24.083	-23	-4.493
1606 Kjósarhreppur	-6	-24.953	-1	-3.565
5612 Húnavatnshreppur	-9	-25.166	-15	-39.674
8710 Hrunamannahreppur	-26	-31.791	-15	-18.929
3714 Snæfellsbær	-62	-36.981	-23	-13.484
6000 Akureyrarbær	-767	-40.289	-240	-12.635
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	-1.218	-40.646	-321	-10.697
1000 Kópavogsbær	-1.556	-40.992	-146	-3.858
3000 Akraneskaupstaður	-310	-41.115	-99	-13.132
1300 Garðabær	-727	-42.930	37	2.163
2000 Reykjanesbær	-845	-43.526	-464	-23.871
7502 Vopnafjarðarhreppur	-29	-43.776	2	3.124
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	-107	-43.825	-89	-36.677
6602 Grýtubakkahreppur	-16	-44.003	-3	-7.897
3609 Borgarbyggð	-175	-45.449	-105	-27.187
5508 Húnaþing vestra	-57	-47.415	-29	-23.934
2506 Sveitarfélagið Vogar	-63	-48.416	-21	-15.966
8200 Sveitarfélagið Árborg	-492	-48.980	35	3.475
4607 Vesturbyggð	-53	-51.705	-43	-42.068
8509 Skaftárhreppur	-33	-51.981	-43	-68.644
3711 Stykkishólmsbær	-63	-52.401	-39	-32.023
8614 Rangárþing ytra	-89	-52.797	-33	-19.560
4200 Ísafjarðarbær	-217	-56.898	-82	-21.564
2510 Suðurnesjabær	-209	-58.178	-111	-31.002
8717 Sveitarfélagið Ölfus	-140	-61.601	-51	-22.574
5706 Akrahreppur	-13	-62.289	-12	-59.783
6513 Eyjafjarðarsveit	-67	-62.362	-20	-18.755
7620 Fljótsdalshérað	-233	-64.269	-74	-20.399

	Miðað vð upphaflega fjárhagsáætlun 2020		Miðað vð upphaflega fjárháætl. 2020 en útsvar 2019	
	Í m.kr.	Á hvern íbúa	Í m.kr.	Á hvern íbúa
1604 Mosfellsbær	-802	-66.464	-46	-3.818
8721 Bláskógabyggð	-78	-66.895	-52	-44.972
6709 Langanesbyggð	-34	-71.017	-2	-3.489
4911 Strandabyggð	-33	-71.636	-27	-58.745
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	-294	-72.860	-170	-42.207
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	-50	-73.890	-23	-33.658
5604 Blönduósbær	-70	-74.972	-44	-47.208
0000 Reykjavíkurborg	-9.969	-76.017	-5.128	-39.102
4604 Tálknafjarðarhreppur	-20	-80.280	-10	-39.890
7617 Djúpavogshreppur	-41	-81.140	-18	-36.763
6607 Skútustaðahreppur	-41	-81.179	-39	-76.088
3811 Dalabyggð	-53	-83.373	-38	-59.749
8508 Mýrdalshreppur	-75	-104.857	-75	-104.285
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	-108	-113.106	-26	-26.795
6612 Þingeyjarsveit	-100	-115.482	-72	-83.050
3709 Grundarfjarðarbær	-102	-116.610	-26	-29.171
4502 Reykhólahreppur	-33	-127.239	-17	-65.326
5611 Skagabyggð	-12	-131.103	-11	-120.990
8613 Rangárþing eystra	-362	-184.616	-77	-39.362
Alls	-20.011	-54.956	-8.112	-22.278

Áætluð breyting útsvars 2020.

	M.v. upphaflega fjárhagsáætlun 2020		Miðað við útsvar 2019	
	Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa	Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa
7505 Fljótsdalshreppur	9	105.983	7	76.516
6611 Tjörneshreppur	6	104.393	1	26.043
3506 Skorradalshreppur	6	95.761	3	48.853
6706 Svalbarðshreppur	7	76.611	3	35.172
4901 Árneshreppur	3	76.527	0	10.153
3710 Helgafellssveit	4	69.593	1	22.912
4803 Súðavíkurbýggð	11	54.664	-1	-2.824
7509 Borgarfjarðarhreppur	6	47.939	4	32.603
8000 Vestmannaeyjabær	187	42.831	137	31.373
6250 Fjallabyggð	73	36.420	48	23.841
6100 Norðurþing	86	27.764	-12	-3.758
4902 Kaldrananeshreppur	2	21.995	3	25.346
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	2	19.060	1	10.340
6515 Hörgársveit	9	14.962	6	9.804
8722 Flóahreppur	10	14.800	-5	-7.868
1100 Seltjarnarnesbær	68	14.365	12	2.561
5612 Húnavatnshreppur	4	9.899	-2	-4.609
6400 Dalvíkurbyggð	8	4.317	8	4.295
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	2	4.112	-2	-3.668
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	1	2.900	3	6.594
8716 Hveragerðisbær	2	796	55	20.300
8610 Ásahreppur	0	312	-2	-8.062
7300 Fjarðabyggð	-11	-2.259	88	17.332
4911 Strandabyggð	-2	-4.315	4	8.575
8719 Grímsnes- og Grafningshreppur	-2	-4.839	-1	-1.118
2300 Grindavíkurbær	-26	-7.509	44	12.652
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	-5	-7.632	-4	-6.689
4607 Vesturbyggð	-8	-7.758	2	1.879
3511 Hvalfjarðarsveit	-6	-9.863	0	683
3714 Snæfellsbær	-18	-10.540	22	12.957
8710 Hrunamannahreppur	-13	-15.940	-3	-3.078
7502 Vopnafjarðarhreppur	-11	-16.105	20	30.795
7708 Sveitarfélagið Hornafjörður	-40	-16.422	-23	-9.275
6602 Grýtubakkahreppur	-6	-16.487	7	19.619
1606 Kjósarhreppur	-4	-18.176	1	3.212
6000 Akureyrarbær	-372	-19.566	154	8.088
3000 Akraneskaupstaður	-153	-20.248	58	7.734
3609 Borgarbyggð	-83	-21.490	-12	-3.227
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	-92	-22.752	32	7.901
2506 Sveitarfélagið Vogar	-30	-23.123	12	9.327
5508 Húnaþing vestra	-31	-25.516	-2	-2.036
5706 Akrahreppur	-5	-25.927	-5	-23.420
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	-816	-27.229	82	2.720
8509 Skaftárhreppur	-17	-27.713	-28	-44.376
5604 Blönduósbær	-29	-30.866	-3	-3.102
2000 Reykjanesbær	-612	-31.496	-230	-11.841
3711 Stykkishólmsbær	-39	-32.033	-14	-11.655
8614 Rangárþing ytra	-54	-32.042	2	1.195
6513 Eyjafjarðarsveit	-35	-32.550	12	11.058
8200 Sveitarfélagið Árborg	-330	-32.855	197	19.600
3811 Dalabyggð	-22	-33.844	-7	-10.220
1000 Kópavogsbær	-1.309	-34.493	100	2.641
7620 Fljótsdalshérað	-127	-35.230	31	8.641
1300 Garðabær	-603	-35.619	160	9.474
2510 Suðurnesjabær	-128	-35.726	-31	-8.550

	M.v. upphaflega fjárhagsáætlun 2020		Miðað við útsvar 2019	
	Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa	Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa
4200 Ísafjarðarbær	-138	-36.237	-3	-903
0000 Reykjavíkurborg	-5.012	-38.218	-171	-1.304
8717 Sveitarfélagið Ölfus	-87	-38.441	1	586
6709 Langanesbyggð	-19	-39.509	14	28.019
7617 Djúpvogshreppur	-21	-42.307	1	2.071
1604 Mosfellsbær	-570	-47.189	187	15.457
4604 Tálknafjarðarhreppur	-12	-48.256	-2	-7.867
8721 Bláskógabyggð	-61	-52.452	-36	-30.528
7000 Seyðisfjarðarkaupstaður	-36	-52.519	-8	-12.287
4502 Reykhólahreppur	-15	-58.101	1	3.813
6607 Skútustaðahreppur	-35	-69.157	-32	-64.066
6612 Þingeyjarsveit	-60	-69.894	-32	-37.462
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	-71	-74.187	12	12.124
5611 Skagabyggð	-8	-87.185	-7	-77.073
3709 Grundarfjarðarbær	-81	-92.973	-5	-5.534
8508 Mýrdalshreppur	-69	-96.240	-69	-95.668
8613 Rangárþing eystra	-320	-162.980	-35	-17.725
Alls	-11.147	-30.612	752	2.066

Áætluð breyting þjónustutekna 2020 miðað við upphaflega fjárhagsáætlun

		Áætluð breyting þjónustutekna	
		Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa
5508	Húnaþing vestra	11	9.083
2300	Grindavíkurbær	5	1.424
7620	Fljótshálsa	3	829
1606	Kjósarhreppur	0	0
3506	Skorradalshreppur	0	0
3511	Hvalfjarðarsveit	0	0
3609	Borgarbyggð	0	0
3710	Helgafellssveit	0	0
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0
4502	Reykholahreppur	0	0
4604	Tálknafjarðarhreppur	0	0
4803	Súðavíkurhreppur	0	0
4901	Árneshreppur	0	0
4902	Kaldrananeshreppur	0	0
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	0	0
5611	Skagabyggð	0	0
5612	Húnavatnshreppur	0	0
5706	Akrahreppur	0	0
6250	Fjallabyggð	0	0
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	0	0
6602	Grýtubakkahreppur	0	0
6607	Skútustaðahreppur	0	0
6611	Tjörneshreppur	0	0
6706	Svalbarðshreppur	0	0
6709	Langanesbyggð	0	0
7502	Vopnafjarðarhreppur	0	0
7505	Fljótshálsa	0	0
7509	Borgarfjarðarhreppur	0	0
7617	Djúpavogshreppur	0	0
8508	Mýrdalshreppur	0	0
8610	Ásahreppur	0	0
8710	Hrunamannahreppur	0	0
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	0	0
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0	0
4200	Ísafjarðarbær	-5	-1.313
6400	Dalvíkurbyggð	-3	-1.314
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	-1	-1.471
8721	Bláskógabyggð	-2	-1.720
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	-5	-2.054
2000	Reykjanesbær	-48	-2.472
3711	Stykkishólmur	-3	-2.564
1300	Garðabær	-50	-2.954
7300	Fjarðabyggð	-15	-2.957
3714	Snæfellsbær	-5	-2.987
2510	Suðurnesjabær	-11	-3.066
8200	Sveitarfélagið Árborg	-31	-3.083
1000	Kópavogsbær	-120	-3.161
3709	Grundarfjarðarbær	-3	-3.425

		Áætluð breyting þjónustutekna	
		Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa
8613	Rangárþing eystra	-9	-4.335
8722	Flóahreppur	-3	-4.367
6100	Norðurþing	-14	-4.446
8717	Sveitarfélagið Ölfus	-10	-4.536
6000	Akureyrarbær	-88	-4.625
8000	Vestmannaeyjabær	-21	-4.879
1100	Seltjarnarnesbær	-24	-5.099
2506	Sveitarfélagið Vogar	-7	-5.352
1604	Mosfellsbær	-69	-5.697
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	-172	-5.739
8614	Rangárþing ytra	-10	-5.945
6515	Hörgársveit	-4	-6.421
8716	Hveragerðisbær	-20	-7.410
6513	Eyjafjarðarsveit	-8	-7.428
3000	Akraneskaupstaður	-57	-7.619
8509	Skaftárhreppur	-6	-9.569
3811	Dalabyggð	-8	-12.520
4607	Vesturbyggð	-15	-14.691
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	-15	-15.707
5604	Blönduósbær	-15	-15.991
6612	Þingeyjarsveit	-16	-18.329
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	-80	-19.831
4911	Strandabyggð	-11	-24.945
0000	Reykjavíkurborg ¹⁾	-4.316	-32.912
Alls		-5.281	-14.503

1) Þar af nema minni tekjur vegna áætlaðrar sölu byggingaréttar 3,966 m.kr., eða 30.243 kr. á íbúa.

Áætlaðar hreinar viðbótarfjárfest. árið 2020, miðað við upphaflega fjárhagsáætlun

		Áætlaðar hreinar viðbótarfjárfestingar	
		Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa
6607	Skútustaðahreppur	30	59.172
3711	Stykkishólmsbær	63	51.696
3709	Grundarfjarðarbær	39	44.863
3511	Hvalfjarðarsveit	27	43.200
3714	Snæfellsbær	70	41.816
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	34	35.602
0000	Reykjavíkurborg	4.444	33.888
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd	15	31.712
7300	Fjarðabyggð	156	30.757
1604	Mosfellsbær	338	27.955
3000	Akraneskaupstaður	206	27.276
6000	Akureyrarbær	500	26.281
8613	Rangárþing eystra	48	24.477
8717	Sveitarfélagið Ölfus	53	23.286
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður	79	19.584
2300	Grindavíkurbær	50	14.237
8508	Mýrdalshreppur	10	13.908
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður	32	12.942
1000	Kópavogsbær	420	11.065
6100	Norðurþing	20	6.421
6400	Dalvíkurbyggð	10	5.255
1100	Seltjarnarnesbær	23	4.862
5508	Húnaþing vestra	4	3.551
3609	Borgarbyggð	13	3.401
8721	Bláskógabyggð	4	3.181
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	2	2.206
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	1	1.863
1300	Garðabær	0	0
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	0	0
1606	Kjósarhreppur	0	0
2000	Reykjanesbær	0	0
2510	Suðurnesjabær	0	0
3506	Skorradalshreppur	0	0
3710	Helgafellssveit	0	0
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	0	0
4200	Ísafjarðarbær	0	0
4502	Reykhólahreppur	0	0
4604	Tálknafjarðarhreppur	0	0
4607	Vesturbyggð	0	0
4803	Súðavíkurhreppur	0	0
4901	Árneshreppur	0	0
4902	Kaldrananeshreppur	0	0
5604	Blönduósbær	0	0
5611	Skagabyggð	0	0
5612	Húnavatnshreppur	0	0
5706	Akrahreppur	0	0
6250	Fjallabyggð	0	0
6513	Eyjafjarðarsveit	0	0
6602	Grýtubakkahreppur	0	0
6611	Tjörneshreppur	0	0
6612	Þingeyjarsveit	0	0

		Áætlaðar hreinar viðbótarfjárfestingar	
		Í m.kr.	Kr. á hvern íbúa
6706	Svalbarðshreppur	0	0
6709	Langanesbyggð	0	0
7502	Vopnafjarðarhreppur	0	0
7509	Borgarfjarðarhreppur	0	0
7617	Djúpavogshreppur	0	0
7620	Fljótsdalshérað	0	0
8000	Vestmannaeyjabær	0	0
8200	Sveitarfélagið Árborg	0	0
8610	Ásahreppur	0	0
8614	Rangárþing ytra	0	0
8710	Hrunamannahreppur	0	0
8716	Hveragerðisbær	0	0
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur	0	0
8722	Flóahreppur	0	0
2506	Sveitarfélagið Vogar	-8	-5.963
8509	Skaftárhreppur	-7	-11.164
4911	Strandabyggð	-5	-11.379
8720	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	-9	-14.778
3811	Dalabyggð	-14	-21.909
6515	Hörgársveit	-24	-37.721
7505	Fljótsdalshreppur	-30	-348.837
Alls		6.592	18.104